



## AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Stækkun Búðanámu í landi Minna-Hofs

06.01.2025





## Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann

---

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

---

### Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafræst til \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafræst til: \_\_\_\_\_

### **UPPLÝSINGAR**

---

#### SKJALALYKILL

103161-ASKBR-V01

---

#### HÖFUNDUR

BRE, IS

---

#### RÝNT

SOS

## **EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>1.1</b>	<b>Markmið með breytingunni</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>5</b>
<b>2.2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>6</b>
<b>2.2.1</b>	<b>Landsskipulagsstefna 2024-2038</b>	<b>6</b>
<b>2.2.2</b>	<b>Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029</b>	<b>6</b>
<b>2.2.3</b>	<b>Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag</b>	<b>7</b>
<b>2.3</b>	<b>Vatnaáætlun</b>	<b>7</b>
<b>2.4</b>	<b>Minjar</b>	<b>8</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>	<b>9</b>
<b>4.1</b>	<b>Umhverfisþættir og áherslur</b>	<b>9</b>
<b>4.2</b>	<b>Valkostir</b>	<b>10</b>
<b>5</b>	<b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>11</b>

# **1 INNGANGUR**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjaharepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækjunum námu E13 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg (nr. 23). Náman er stækkuð úr 1 ha í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt verður að taka hækkað úr 50.000 m<sup>3</sup> í 60.000 m<sup>3</sup>. Nauðsynlegt þykir að stækka námusvæðið þar sem grunnvatn stendur hátt á svæðinu og því ekki hægt vinna efni jafn djúpt niður og áætlað var.

Fyrirhuguð stækjunum á Búðanámu er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt lið 2.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

## **1.1 Markmið með breytingunni**

Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að heimila meiri efnistöku í Búðafossnámu, einkum til framkvæmda við lagningu Búðafossvegar.

- Einfalda framkvæmdir vegna Búðafossvegar og minnka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar þar sem færri efnisnámur eru opnaðar og flutningsleið vegna framkvæmdar styttist.
- Afmarka námusvæði þar sem er gott efni til framkvæmda og takmörkuð umhverfisáhrif.
- Settur er rammi og skilmálar utan um efnistökusvæðið til framtíðar.

# **2 FORSENDUR**

Efnistaka úr Búðanámu er ætluð til vegagerðar í tengslum við gerð Búðafossvegar, sem verður lagður suður frá þéttbýlinu í Árnesi og yfir á Landveg. Vegurinn mun bæta og tryggja greiðari samgöngur á milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjaharepps og Rangárþings ytra.

## **2.1 Staðhættir**

Búðanáma er í landi Minna-Hofs og er staðsett í hraunkantinum norður af Búðafossi í Þjórsá. Náman er óunnin en kemur til með að opnast til austurs. Jökulgarðar Búðaraðarinnar liggja í um 200 m fjarlægð austan við svæðið og takmarkar það sjónræn áhrif námunnar töluvert. Ekki er gert ráð fyrir að efnistakan hafi áhrif á Búðaröðina.

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar þá er náman staðsett á Þjórsárhrauni sem er nútímahraun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Almennt er Þjórsárhraunið mjög þykkt, með 6-10 m þykkum karga en verður þéttara með dýpi. Áætla má að hægt sé að allt að 100% nýtingu á efni úr námunni.

Á svæðinu eru helstu vistgerðir mosamóavist og víðikjarrivist, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Mosamóavist hefur lágt verndargildi og víðikjarrivist hefur mjög hátt verndargildi og er

á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnað verndar. Vistgerðin er, m.v. kortlagninguna, útbreidd á svæðinu og á Suðurlandi. Nákvæmni vistgerðakortlagningar er ekki nægileg til að hægt sé að segja með fullri vissu hvaða vistgerðir séu innan efnistökusvæðisins. M.v. loftmynd virðist t.d. ekki vera að finna víðikjarrvist.

Í uppsveitum Árnessýslu er erfitt að finna gott efni í nýtanlegu magni með góðu aðgengi. Kannað var á þónokkrum stöðum hvort möguleiki væri á efnistöku til vegagerðarinnar og reyndist Búðanáma besti kosturinn. Efnistökusvæðið er á aðalskipulagi, þar er nægt efni sem hentar til vegagerðar og náman er skammt frá notkunarstað.


## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið eða viðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að á lagi á vatn og vatnsvernd.

### 2.2.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði.



**MYND 1.** Hluti af gildandi aðalskipulagi. Efnistökusvæði E13 er innan bláa hringsins.

### **Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði**

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

### **Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:**

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeiri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.

### **Kafli 2.3.1 Landbúnaðarsvæði**

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbún- aðarlands.

Umrætt land er í flokki IV í flokkun landbúnaðarlands og er því ekki hentugt til ræktunar.

### **2.2.3 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag**

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu og stefnu gildandi aðalskipulags um efnistökusvæði. Verið er að huga að hagkvæmni með því að leggja veg sem þjónustar íbúa sveitarfélaganna í kring, ásamt innlendum og erlendum ferðamönnum. Efnistaka er í námunda við notkunarstað efnis og hefur þegar verið samþykkt að raska hrauninu vegna efnistöku, eins og stefna gildandi aðalskipulags ber með sér. Áhersla verður lögð á góða umgengni og vandaðan frágang í verklok.

### **2.3 Vatnaáætlun**

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar.

Við fyrirhugað efnistökusvæði er að finna tvö vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Tungnaárhraun, 103-308-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt- og efnafræðilegt ástand sé gott og vatnshlotið sé ekki í hættu. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt.
- Þjórsá 1 103-663-R, flokkað sem straumvatn. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt- og efnafræðilegt ástand sé gott og vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand hefur ekki verið flokkað og efnafræðilegt ástand er gott.

Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna-eña eðliseiginleikum vatns og fyrirhuguð efnistaka því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir.

## 2.4 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ekki eru þekktar minjar innan þess svæðis sem breytingin nær yfir.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð og skilmálum í stafrænum gögnum. Engar breytingar á skipulagsupprætti.

Stefna í gildandi skipulagi gildir, fyrir utan ný eða breytt ákvæði sem sett eru fram í greinargerð þessari. Í almennum skilmálum um námur, kafla 2.3.9 eru ákvæði um efnistöku, vinnslu og frágang þar sem m.a. kemur fram að huga skuli sérstaklega að jarðminjum og vistgerðum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Gera skal grein fyrir útfærslu framkvæmdar við umsókn um framkvæmdaleyfi.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinargerð:

### Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Texti í gildandi greinargerð:

Hluti töflu úr kafla 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI						
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m <sup>3</sup> (allt að)	Stærð í ha (allt að)	Flokkur framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br.	Jörð/svæði
E13	Búðanáma	Efnistaka.	50.000	1	B	Minna-Hof

Texti í greinagerð eftir breytingu:

Hluti töflu úr kafla 2.3.9. Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI						
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m <sup>3</sup> (allt að)	Stærð í ha (allt að)	Flokkur framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 m.s.br.	Jörð/svæði
E13	Búðanáma	Efnistaka. Halda skal svarðlagi til haga og nýta við frágang svæðis að lokinni efnistöku.	60.000	4,5	B	Minna-Hof

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

### 4.1 Umhverfispættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1.

**TAFLA 1.** Umhverfispættir og helstu matssprungar.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<p>Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.</li> <li>Svaði sem flokkast sem gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu.</li> </ul> <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og sambættri stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjalands og menningarlandslags.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á landslag?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á nýtingu góðs landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu?</p>
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Fuglar.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla?</p>
<b>Samfélag</b> <i>Íbúar.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	<p>Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.</li> <li>Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhlíða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi.</li> </ul> <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á íbúa?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?</p>
<b>Minjar</b>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.	Hefur stefnan áhrif á minjar?

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Fornminjar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og önnur umhverfisleg gæði.</li> </ul>	
Vatn Ár, vötn og grunnvatn	<p>Vatnaáætlun 2022-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heilstæðrar verndar.</li> <li>Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþernd vatnsauðlindarinnar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi?

## 4.2 Valkostir

Þar sem umrætt efnistökusvæði er á gildandi aðalskipulagi þá er aðeins gerð grein fyrir áhrifum af stækkun þess en ekki bornir saman valkostir. Sveitarfélagið telur að þar sem efnistökusvæðið er á aðalskipulagi, og í næsta nágrenni við fyrirhugaðan notkunarstað efnis, þá sé þetta besti kosturinn.

### Breytt skipulag:

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Efnistökusvæðið er nokkuð frá helstu ferðaleiðum og hæðótt landslag kemur í veg fyrir sýnileika þess. Um er að ræða efnistöku á hrauni og verður jarðmyndunin fyrir raski. Þar sem hraunið er mjög víðfemt, ekki sér til þess á yfirborði og efnistaka er umfangslítil þá eru áhrifin metin óveruleg. Engin áhrif á gott landbúnaðarland.

**Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg.** Svæðið er vel gróið. Svæðið sem kemur til með að raskast er að mestu skilgreint sem mosamóavist og víðikjarrivist skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands en um er að ræða vistgerðir sem hafa talsverða útbreiðslu á landsvísu. Þegar framkvæmdum lýkur verður svæðið aðlagað að núverandi landi og gengið frá yfirborði í samræmi við umhverfi í kring. Með stækkun námunar er komið í veg fyrir að fleiri ósnert svæði verði tekin undir efnisvinnslu. Settir eru skilmálar um að nýta svarðlag til frágangs á svæðinu. Ekki er talið að efnistaka hafi teljandi áhrif á fugla.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Vegagerð sem efni námunar kemur til með að verða nýtt í bætir samgöngur fyrir íbúa og ferðamenn, bæði innan og utan sveitarfélagsins.

**Áhrif á minjar eru metin óveruleg.** Engar fornminjar verða fyrir áhrifum af breytingunni.

**Áhrif á vatn eru metin óveruleg.** Ólíklegt er að ár eða grunnvatn verði fyrir áhrifum af efnistökunni.

### Niðurstaða

Svæðið er efnistökusvæði í gildandi aðalskipulagi og breytingin því í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags, aðeins er verið að stækka námuna og heimila meira efnismagn sem nýtt verður.

Með meiri efnistöku úr Búðafossnámu er verið að nýta betur efnistökusvæði sem er í gildandi skipulagi frekar en að fjölga slíkum svæðum.

Sveitarfélagið metur að heildaráhrif breytingarinnar séu óveruleg/jákvæð.

## **5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ**

Skipulagslýsing var kynnt í lok árs 2024. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Brunavörnum Árnes-sýslu, Náttúrufræðistofnun Íslands. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Aðalskipulagsbreytingin er kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athuga-semdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi haustið 2025.